

Börkur Sigurbjörnsson

# Önnur kynni

örsaga



Urban Volcano

# Önnur kynni


## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024  
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson  
Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## ÖNNUR KYNNI

---

Ég leit á klukkuna. Það voru enn tveir klukku tímar þangað til að ég átti stefnumót við fulltrúa forlagsins sem hafði hugsanlega áhuga á að gefa út skáldsöguna mína.

Það voru liðnar tvær vikur síðan ég hafði rætt stuttlega við hana á ljóðaupplestri rithringsins Smámunasemi. Ég hafði verið talsvert upp með mér þegar hún kom til mín eftir upplesturinn minn og spurði mig út í skrif mín—hvort ég skrifaði eitthvað annað en ljóð. Ég sagði henni frá handritinu í skúffunni og við ákváðum að mæla okkur mót á kaffihúsi.

Hugurinn hvarflaði aftur til ljóðaupplestrararins og ég reyndi að rifja upp hvernig hún hafði litið út—fulltrúi forlagsins. Ég kom henni engan veginn fyrir mig. Ég hafði verið heldur hátt uppi þegar við töluðum saman. Bæði vegna frumraunar minnar í ljóðaupplestri og vegna þeirrar athygli sem hún hafði sýnt mér. Smáatriðin voru í þoku.

Hvað ef ég þekkti hana ekki aftur? Hvað ef ég gengi inn á kaffihúsið og labbaði beint framhjá henni án þess að þekkja hana og settist niður við annað bord?

Hún myndi örugglega móðgast. Myndi hún ekki bara strika mig út af listanum yfir unga og upprennandi höfunda? Þar með yrði rithöfundaverli mínum lokið—áður en hann kæmist á flug. Ferillinn myndi brotlenda í flugtaki—verða bensínlaus áður en komið yrði að enda flugbrautarinnar.

★ ★ ★ ★ ★

Ég settist niður með rjúkandi kaffibollann og leit á klukkuna. Það voru enn þrjátíu mínútur í stefnumótið. Ég var mættur snemma. Það var eini kosturinn í stöðunni. Þannig þurfti ég ekki að hafa áhyggjur af því að þekkja hana ekki aftur. Nú var það hennar að þekkja mig.

Ég leit samt aftur í kringum mig. Til öryggis. Ég leit frá einu bordi til annars og einbeitti mér að því að útiloka hvern og einn gest sem fulltrúa forlagsins. Karlmaður. Of gömul. Strákahópur. Of ung. Var þetta hún? Nei, hún myndi ekki hafa tekið barnið með sér.

Ég var hólpinn.

★ ★ ★ ★ ★

Ég horfði á eftir konunni með barnið þegar hún yfirgaf kaffihúsið. Klukkan var fimm mínútur yfir. Hafði þetta verið hún? Gæti verið að hún hefði ekki getað fengið pössun fyrir barnið og því tekið það með sér? Þetta hafði nú átt að vera óformlegur fundur. Hafði ótti minn ræst? Hafði hún yfirgefið kaffihúsið í fússi vegna þess að ég hafði ekki þekkt hana aftur? Hafði getuleysi mitt í að muna mannsandlit orðið mér að falli enn og aftur?

\*\*\*\*\*

Um leið og konan með barnið gekk út kom önnur kona inn—fulltrúi forlagsins. Ég þekkti hana undir eins. Hvernig gat ég hafa efast?



Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnunum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano